

Aðalfundur Ungmennafélags

Njarðvíkur 2018



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

STOFNAÐ 10. APRÍL 1944

BOLTI GEGN BÓLI - HREÝSTI TIL HAGSÆLDAR

Haldinn miðvikudaginn 10.apríl 2019

kl. 20:00 í íþróttahúsinu í Njarðvík



Efnisyfirlit:

1.0 Aðalfundur 2018

1.1 Dagskrá aðalfundar

2.0 Skýrsla stjórnar

2.1 Aðalstjórn 2018 – 2019

2.2 Nefndir á vegum félagsins

2.2.1 Þorablótsnefnd

2.2.2 Framtíðarsýn UMFN

2.3 Starfssemi aðalstjórnar

2.3.1 Unglingalandsmót UMFÍ

2.3.2 Landsmót 50+

2.3.3 Landsmót UMFÍ

2.3.4 Sport og ævintýraskóli

2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

2.3.6 Samráðsfundur UMFÍ

2.3.7 Styrktarreglur UMFN

2.3.8 Framtíðarsýn UMFN

2.3.9 Þorablót

2.3.10 Fundir aðalstjórnar

3.0 Starfssemi deilda

3.1 Knattspyrnudeild

3.2 Körfuknattleiksdeild

3.3 Massi – líksamræktar og kraftlyftingadeild

3.4. Sunddeild

3.5 Judódeild

3.6 Þríþrautardeild



4.0 Þakkarorð

5.0 Íþróttafólk Ungmennafélags Njarðvíkur 2018

- 5.1 Íþróttakarl og íþróttakona UMFN 2018
- 5.2 Knattspyrnukarl UMFN 2018
- 5.3 Körfuknattleikskarl og körfuknattleikskona UMFN 2018
- 5.4 Kraftlyftingarkarl og kraftlyftingarkona UMFN 2018
- 5.5 Sundkona UMFN 2018
- 5.6 Júðókarl og júðókona UMFN 2018
- 5.7 Þríþrautakarl og þríþrautarkona UMFN 2018

6.0 Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2018

- 6.1 Körfuknattleiksdeild
- 6.2 Massi – lyftingar og líkamsræktardeild
- 6.3 Sunddeild
- 6.4 Knattþyrnudeild
- 6.5 Judódeild
- 6.6 Þríþrautardeild

7.0 Heiðursviðurkenningar

- 7.1 Ólafsbikar
- 7.2 Gullmerki með lárviðarsveig
- 7.2 Gullmerki
- 7.3 Silfurmerki
- 7.4 Bronsmerki
- 7.5 Aðrar viðurkenningar



8.0 Reikningar félagsins 2018

- 8.1 Áritun bókhaldsstofu
- 8.2 Skýrsla og áritun stjórnar
- 8.3 Áritun skoðunarmanna reikninga
- 8.4 Rekstrarreikningur
- 8.5 Efnahagsreikningur
- 8.6 Sjóðsstreymisreikningar
- 8.7 Sundurliðanir

9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi



1.0. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins haldinn 10. apríl 2019 í íþróttahúsinu í Njarðvík kl. 20:00

1.1. Dagskrá fundar

1. Fundur settur.
 - Kosning fundarstjóra
 - Kosning fundarritara
 - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
 - Ávarp formanns
 - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2018

2. Heiðursviðurkenningar.

3. Ávarp gesta.

4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda

5. Önnur mál.

6. Fundarslit.



2.0. Skýrsla stjórnar Ungmennafélags Njarðvíkur fyrir starfsárið 2018

2.1 Ungmennafélag Njarðvíkur – aðalstjórn 2018-2019

Ólafur Eyjólfsson, formaður

Einara Lilja Kristjánsdóttir, varaformaður

Ágústa Guðmarsdóttir, gjaldkeri

Anna Andrésdóttir, ritari

Jenný L. Lárusdóttir meðstjórnandi

Thor Hallgrímsson, varamaður

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, varamaður

Skoðendur reikninga:

Kristín Örlygsdóttir

Valþór Söring

Ingigerður Sæmundsdóttir til vara

2.2. Nefndir á vegum félagsins

2.2.1 Þorablótsnefnd

Hlutverk nefndarinnar er undirbúningur og framkvæmd þorablóts félagsins.

Í nefndinni áttu sæti; Gulla Olsen (kraftld., formaður nefndarinnar), Sigurrós Antonsdóttir og Guðrún Ósk Lange (sundd.), Guðrún Bjarnadóttir og Þóra Snjólfsdóttir (júdód.), Þórdís Ingólfssdóttir og Ólöf Viðarsdóttir (knd) Jónína Margrét Hermannsdóttir og Friðrik E. Stefánsson (kkd) Jenný L. Lárusdóttir (aðalstjórn)

2.3. Starfssemi aðalstjórnar

2.3.1 Unglingalandsmót

2.3.2 Landsmót 50+

2.3.3 Landsmót UMFÍ



Á síðasta ári fór fram á Sauðárkróki 12-15.júlí Landsmótið(stóra) og samhliða því 50+ mótið. Landsmótið var með algjörlega breyttu sniði, og t.d. var mótið opið öllum 18 ára og eldri, ekki var nauðsynlegt að vera í ungmenna- eða íþróttafélagi, engin áhersla var á Landsmótsmet og engin hlunnindi til sambandsaðila fyrir að senda þátttakendur á mótið, auk þess var íþróttagreinum fjölgað verulega. Þótti þetta nýja fyrirkomulag takast vel. Unglingalandsmótið fór að venju fram um verslunarmannahelgina og var haldið í Þorlákshöfn, þar sló í gegn strandhandboltinn. Ungmennafélag Njarðvíkur átti marga þátttakendur á unglíngamótinu en aftur á móti var dræm þátttaka á mótin á Sauðárkróki.

Landsmót 50+ 2019 verður í Neskaupstað dagana 28.-30.júní og Unglingalandsmótið um verslunarmannahelgina, dagana 1.-4.ágúst nk. á Höfn í Hornarfirði .
Við hvetjum okkar félagsfólk að fjölmenna á bæði mótin og eiga skemmtilega stund saman.

2.3.4 Sport og ævintýraskóli

Sport og ævintýraskóli fyrir börn frá 6-12 ára er orðinn fastur liður hjá félaginu í uppbyggingarstarfinu. Námskeiðin hafa tekist mjög vel undir forystu Andrésar Þórarins Eyjólfssonar íþróttafraeðings. Skólinn fagnaði 10 ára afmæli þetta sumar. (Nánar um framkvæmd verkefnisins er að finna í skýrslu forstöðumannsins sem fylgir hér með.)

2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

51. sambandsþing UMFÍ verður haldið haldið í haust, ekki er búið að ákveða endanlegan fundarstað.

2.3.6. Samráðsfundur UMFÍ (aukafundur)

41. samráðsfundur UMFÍ var haldinn 13.jan.2018 í Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar. Fulltrúi félagsins var Ólafur Eyjólfsson formaður. Eina málið á dagskrá var tillaga um „aðild íþróttabandalaga að UMFÍ“ og var um það kosið hvort halda eigi áfram vinnu við málið og var samþykkt að gera það.



2.3.7 Styrktarreglur UMFN

Aðalstjórn veitti styrki á starfsárinu í samræmi við reglur þar. Er styrkja nánar getið í ársreikningum félagsins.

Voru neðangreindar reglur samþykktar á fundi þann 22. september 2009.

UMFN úthlutar styrkjum til afreksmanna sinna, samkvæmt umsóknum sem berast frá formönnum deilda og eru styrkhæf verkefni þátttaka í Norðurlandamótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum með landsliðum Íslands ef kostnaður vegna fararinnar er ekki greiddur að fullu af viðkomandi sérsambandi.

Styrkur til hvers einstaklings er kr. 25.000. fyrir hverja ferð á vegum landsliðs.

Aðalstjórn UMFN fjallar sérstaklega um styrki vegna Ólympíuleika.

Deildir UMFN eru fjárhagslega sjálfstæðar samkvæmt lögum félagsins og hafa tekjur af félagsgjöldum iðkenda sinna og ágóða af íþróttamótum og öðrum fjáröflunum. Deildir félagsins bera ábyrgð á útgjöldum* sínum og er uppsafnaður rekstrarvandi EKKI styrkhæfur.

*Dæmi um útgjaldaliði: Kostnaður við þjálfun (laun og fræðsla), keppnisbúningar, dómgæsla, ferðakostnaður og hver sá búnaður sem þarf til æfinga og keppni.

2.3.8 Framtíðarsýn UMFN

Nefndin lauk sínum störfum á síðasta ári og síðan hafa formenn deilda ásamt formanni UMFN komið á framfæri „framtyðarsýn félagsins“ í máli og myndum til bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. „Blásið var til fundar“ í íþróttahúsinu í Njarðvík á vordögum fyrir kosningar og var öllum þáverandi bæjarfulltrúum sem og framboðsfulltrúum boðið á fundinn og var mjög vel mætt. Farið var yfir söguna varðandi íþróttavallarsvæðið þar sem nú eru Nesvellir og hver staðan væri í dag við Afreksbraut, sem er ekki boðleg. Margir tóku til máls og voru nokkuð sammála því sem um var rætt, þannig að nú þurfa bæjarfulltrúar að taka á þessum málum.

Í nefndinni sátu, Alexander Ragnarsson, Ólafur Eyjólfsson formaður UMFN, og Ólafur Thordersen og þakkar aðalstjórn UMFN þeim fyrir góð störf.



2.3.9 Þorablót

Þorablót félagsins var haldið í félagsaðstöðu Ungmennafélagsins níunda árið í röð. Þessi tilhögun krefst mikils undirbúnings sem hin ágæta þorablótsnefnd leysti af hendi með miklum sóma. Félagsmenn frá öllum deildum komu að uppsetningu salarins. Hinn sanni félagsandi endurspeglaðist þar á glæsilegan hátt við að gera salinn eins glæsilegan og hægt var. Bæjaryfirvöld, íþróttafulltrúi, forstöðumaður íþróttahúsins og starfsfólk eiga sérstakar þakkir skyldar fyrir einstaklega gott viðmót og hjálpsemi við framkvæmdina. Blótið sjálft tókst einstaklega vel, um 450 manns sóttu það og var uppselt í lok nóvember. Vinna við næsta blót er hafin.

2.3.10 Fundir aðalstjórnar

Stjórn félagsins hélt 7 bókaða fundi ásamt því að stjórnarmenn sátu hina ýmsu fundi í kringum þau verkefni sem unnið var að. Fastur fundartími er annar miðvikudagur hvers mánaðar kl. 17:30-19:00. Haldnir voru tveir fundir með formönnum deilda. Varamenn stjórnar sækja alla fundi stjórnarinnar og eru þeir því vel inn í öllum málefnum sem á baugi eru hverju sinni.

3.0 Starfsemi deilda

3.1. Knattspyrnudeild

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeilda UMFN 2018

Starfsárið 2018 fer í sögubækurnar sem 50. starfsár deildarinnar og það fer því vel á því að deildin hefur aldrei verið stærri og árangurinn mjög góður. Starfsemin er sem fyrr í föstum skorðum og ávallt er reynt að gera aðeins betur en áður.

Meistaraflokkur beið stórt og verðugt verkefni eftir nokkur ár í C deild Íslandsmótsins. Margir höfðu litla trú á okkur, en liðinu tókst heldur betur að afsanna það. Tryggðu sætið og jöfnuðu besta árangur félagsins í B-deild til þessa. Sumir vilja meina að þetta sé besti árangurinn til þessa. Þá fékk liðið háttvísisverðun KSÍ og hlaut að launum Drago-styttuna svonefndu.



Starfsemi yngri flokka á árinu var einnig með ágætum. Við vorum með alla drengjaflokka starfandi, að viðbættum stúlknaflokkum sl. sumar. Það er verkefni sem hefur tekist vel og frá því í haust hefur orðið töluverð fjölgun hjá stúlkunum. Við eigum í dag ágætis hóp drengja sem á næstu árum gætu farið að láta að sér kveða í meistaraflokki áður en langt líður.

Rekstur deildarinnar gekk ágætlega en ennþá er það drjúg vinna sem fer í að að ná endum saman. Deildin sá um rekstur íþróttasvæðins samkvæmt samningi við Reykjanesbæ eins og áður. Tekjuöflunin var hefbundin og í föstum skorðum. Fjölmargar fjáraflanir þarf til að afla fjár til starfseminnar. Góður árangur hefur náðs í að minnka skuldir deildarinnar og nú eru þær í þeirri stöðu sem flest félög vildu hafa þær. En það er eitt af framtíðarmarkmiðum okkar að tryggja fé til rekstursins svo ekki þurfi að skuldsetja hann fyrir venjulegum reksti.

Aðstöðumálin eru sem oftast ofarlega í huga og á árinu hefur verðið lögð áhersla á koma með ákveðna hugmyndir um framtíðaraðstöðu UMFN. Stjórnin hefur ásamt aðalstjórn og körfuknattleiksdeild unnið að hugmyndavinnu sem vonandi næst að koma í farveg í næstu framtíð. Það er vilji okkar að framtíðaraðstaða félagsins verði við Afrekbraut.

Stjórn deildarinnar í lok starfsárs skipuðu þeir; Árni Þór Ármannsson formaður, Sigurður Hilmar Ólafsson ritari, Hjalti Már Brynjarsson, Trausti Arngrímsson, Viðar Einarsson. Varamaður í stjórn var Markús Ívar Hjaltested. Framkvæmda- og vallarstjóri er Leifur Gunnlaugasson.

Stjórn knattspyrnudeildar þakkar öllu því félagsfólki sem í sjálfböðavinnu hefur lagt vinnu og tíma við að halda hjólum starfsins gangandi. Einnig öllum þeim fyrirtækjum og stofnum sem styrkja starfsemi deildarinnar.

Fh. Stjórnar KND UMFN

Árni Þór Ármannsson formaður



3.2. Körfuknattleiksdeild

Skýrsla stjórnar kröfuknattleiksdeildar UMFN 2018

Mars 2018-mars 2019

Friðrik Pétur Ragnarsson var endurkjörinn formaður KKD UMFN í mars 2018. Við aðalfundinn var annað árið í röð fjölskipað í stjórn deildarinnar. Sjö aðalmenn voru kjörnir og fjórir í varastjórn. Stjórnin sem starfaði mars 2018-mars 2019 skipuðu eftirtaldir:

Formaður: Friðrik Pétur Ragnarsson

Varaformaður: Páll Kristinsson

Gjaldkeri: Vala Rún Vilhjálmsdóttir

Ritari: Jón Björn Ólafsson

Meðstjórnendur:

Jakob Hermannsson

Róbert Þór Guðnason

Emma Hanna Einarsdóttir

Varastjórn:

Skúli Björgvin Sigurðsson

Haukur Einarsson

Berglind Kristjánsdóttir

Helga Guðmundsdóttir

Leiktímabilið 2017-2018 féll kvennalið Njarðvíkur í 1. deild og alls 15 leikmenn ákváðu í kjölfarið að semja ekki við félagið fyrir leiktíðina 2018-2019 og annað hvort héldu á önnur mið eða lögðu skóna á hilluna. Karlalið Njarðvíkur lauk keppni í 5. sæti Domino's-deildar karla og féll út í 8-liða úrslitum 3-0 gegn KR.

Í lok marsmánaðar var ákveðið að framlengja ekki samningi við Daníel Guðna Guðmundsson hjá meistaraflokki karla og Einar Árni Jóhannsson ráðinn í hans stað til næstu þriggja ára. Halldór Karlsson var ráðinn sem aðstoðarþjálfari Einars Árna.

Á lokahófi KKD UMFN í mars voru Terrell Vinson og Björk Gunnarsdóttir valin bestu leikmenn meistaraflokka félagsins. Undir lok marsmánaðar samdi Njarðvík á nýjan leik við Ólaf Helga Jónsson sem kom frá Þór Þorlákshöfn.

Í aprílmánuði var samið við Ragnar Halldór Ragnarsson um að taka við þjálfun kvennaliðs Njarðvíkur. Honum til aðstoðar var ráðinn Rúnar Ingi Erlingsson.



Í maímánuði varð Njarðvík b Íslandsmeistari í 2. deild karla eftir sigur á Stjörnunni b í úrslitaleik deildarinnar. Sigurliðið gegn Stjörnunni skipuðu Arnar Þór Smáráson, Ólafur Aron Yngvason, Magnús Þór Gunnarsson, Arnar Jónsson, Grétar Garðarsson, Páll Kristinsson, Halldór Karlsson, Ásgeir Guðbjartsson og Páll Axel Vilbergsson.

Í maímánuði varð unglfl. karla í Njarðvík Íslandsmeistari eftir sigur á Breiðabliki í úrslitum Íslandsmótsins þar sem Kristinn Pálsson var valinn besti maður úrslitaleiksins.

Gabriel Sindri Möller hlaut Elfarsbikarinn á uppskeruhátíð yngri flokka UMFN í maímánuði og Hulda Ósk Bergsteinsdóttir hlaut Áslaugarbikarinn.

Í júnímánuði var samið við króatíska leikmanninn Mario Matasovic og Gerald Robinson. Ákveðið var að segja upp samningi við Robinson áður en leiktíðin í Domino's-deild karla hófst.

Þá voru þeir Snjólfur Marel Stefánsson og Jón Arnór Sverrisson valdir í U20 ára landslið Íslands sem keppti í A-deild Evrópukeppninnar í Þýskalandi í júlímánuði.

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní stóð KKD UMFN að veglegu 17. júní-kaffi í Njarðvíkurskóla. Vill deildin koma á framfæri innilegum þökkum til allra þeirra sem tóku þátt í að gera kaffisamsætið jafn vel úr garði og raun bar vitni.

Í júlí framlengdi Snjólfur Marel Stefánsson samningi sínum við Njarðvík en hann hefur á leiktíðinni einnig verið á venstrasamningi hjá Selfossi.

Sumarið 2018 var samið við Jeb Ivey um að leika með Njarðvík en hann er Ljónagryfjunni að góðu kunnur.

Í september hélt karlalið Njarðvíkur í æfingaferð til Svíþjóðar þar sem leiknir voru þrír leikir við sænsk úrvalsdeildar- og 1. deildarlið. Tveir tapleikir og einn sigurleikur í ferðinni sem var vel heppnuð í alla staði.

Í september hafði Njarðvík sigur á Pétursmóttinu sem fram fór í Keflavík en mótið er til minningar um Pétur Pétursson osteopata.

Í september stóð KKD UMFN að kynningarkvöldi deildarinnar í annað sinn og fór kvöldið fram á fjöllum Ljónagryfjunnar. Skemmtilegur viðburður til að þetta leikmannahópa og stuðningsmenn fyrir komandi átök í Íslandsmóttinu.

Í september var samið við Julian Rajic um að taka við stöðu Gerald Robinson sem fór ekki langt þar sem hann samdi að lokum við ÍR. Julian var svo látinn fara á miðri leiktíð í Domino's-deild karla og í hans stað ráðinn Erik Catneda.



Logi Gunnarsson fyrirliði karlaliðs Njarðvíkur var heiðursgestur síðastliðið haust í Bolungarvík þar sem nýr og glæsilegur útikörfuboltavöllur var tekinn í notkun.

Kynningarfundur KKÍ fór fram í októberbyrjun þar sem karlaliði Njarðvíkur var spáð 3. sæti í Domino's-deild karla og kvennaliði Njarðvíkur spáð 4. sæti í 1. deild kvenna.

Keppni í Domino's-deild karla hófst með látum þar sem Njarðvík tók á móti Keflavík í Ljónagryfjunni í byrjun október. Grænn sigur vannst í spennuslag og vart hægt að hugsa sér meira viðeigandi upphaf á leiktíðinni.

Í nóvember samdi Njarðvík við Elvar Má Friðriksson sem kom frá Frakklandi. Elvar samdi út yfirstandandi leiktíð.

Í nóvember kom svo Kamilla Sól Viktorsdóttir frá Keflavík á venstasamningi yfir til Njarðvíkur.

Í lok nóvembermánaðar var dómariinn Sigmundur Már Herbertsson sæmdur gullmerki KKÍ. Óskar KKD UMFN honum innilega til hamingju með heiðursveitinguna.

Í desember var Njarðvík á toppi Domino's-deildar karla þegar haldið var í jólafrí.

Í lok árs voru Maciej Baginski og Vilborg Jónsdóttir valin körfuknattleiksfolk ársins 2018 í Njarðvík.

Jólahappdrætti KKD UMFN fór fram í desember, allir miðar í happdrættinu seldust og vill stjórn deildarinnar þakka fyrir góðar undirtektir sem og þeim er gáfu vinninga í happdrættið.

Í janúar 2019 snéri Erna Freydís Traustadóttir aftur í raðir Njarðvíkurkvenna. Erna hafði samið við Breiðablik sumarið 2018 en ákvað að snúa aftur heim.

Í febrúar 2019 varð Njarðvík bikarmeistari í unglingsflokki karla eftir öruggan sigur á KR. Karlalið Njarðvíkur sló KR út í undanúrslitum Geysisbikarsins með sterkum leik og mætti svo Stjörnunni í úrslitum keppinnar. Stjarnan var sterkari aðilinn þann daginn og grænir urðu að fella sig við bikarsilfur þetta árið. Stjórn vill sérstaklega taka fram að stuðningurinn við liðið í bikarkeppninni var ómetanlegur, iðagræn stúka og stuðningsfolk til mikillar fyrirmyndar fyrir félagið.

F.h. hönd stjórnar KND UMFN

Friðrik Pétur Ragnarsson formaður



Skýrsla unglingaráðs KKD UMFN 2018

Starfsemi unglingaráðs var að venju með hefðbundnum hætti tímabilið 2018-2019.

Í unglingaráði voru 12 aðilar eða 6 hjón sem skiptu með sér verkum. Formaður unglingaráðs var Hafsteinn Hilmarsson. Í lok tímabilsins kvöddu 8 aðilar unglingaráðið eftir að hafa starfað nokkuð mörg ár þar og voru þessir aðilar kallaðir upp á lokahófi unglingaráðsins í lok maí og færðar þakkir og gjafir fyrir störf sín. Þetta voru Hafsteinn Hilmarsson og Halldóra M. Halldórsdóttir, Alexander Ragnarsson og Bylgja Sverrisdóttir, Aðalheiður Hilmarsdóttir og Sigurður Guðmundsson, Halldóra Lúthersdóttir og Valþór Söring og vil ég enn og aftur þakka þeim fyrir góð störf í barna- og unglिंगastarfi deildarinnar. Inn í unglingaráðið komu nýir Guðbjörg Björnsdóttir sem tók að sér gjaldkerastöðuna, Guðmundur Helgi Albertsson, Hrefna Björk Sigurðardóttir og Freyr Brynjarsson, Katrín Jóna Ólafsdóttir og Einar Þór Guðmundsson sem starfa þar ásamt undirritaðri, Hjörvari Erni Brynjólfssyni, Sólveigu Silfá Karlsdóttur og Guðmundi Páli Hreggviðssyni. Þannig að í unglingaráði eru nú 10 aðilar og nóg að gera.

Iðkendafjöldi hefur aukist jafn og þétt á síðustu árum, ekki síst hjá stúlkunum og voru skráðir 256 iðkendir í lok tímabils, 140 stúlkur og 116 drengir.

Stærstu verkefni Unglingaráðs fyrir utan hefðbundið mótahald og æfingar eru rekstur sjoppu á öllum leikjum meistaraflokkanna og fjölliðamótum ásamt framkvæmd á stærsta körfuboltamóti landsins sem er Nettómótið með yfir 1200 þátttakendum, umsjón með sölutjaldi á 17. júní hátíðarsvæði bæjarins og umsjón með skipulagi á hátíðarsvæði Ljósanætur sem eru samstarfsverkefni með unglingaráði kkd Keflavíkur undir nafni hagamunafélaginu KarfaN.

Einnig sér unglingaráð um pantanir á keppnisbúningum fyrir iðkendir en geta má þess að keppnisbúningur er innifalinn í æfingargjöldum þegar iðkandi er skráður í fyrsta sinn. Þá er unglingaráð með ýmsan merktan varning til sölu sem fjáröflun.

Logi Gunnarsson tók við sem yfirþjálfari unglingaráðs árið 2014 og hóf því sitt þriðja tímabil sem slíkur á árinu. Aðrir þjálfarar yngri flokka voru Agnar Mar Gunnarsson, Eygló Alexandersdóttir, Jón Haukur Hafsteinsson, Bylgja Sverrisdóttir, Hermann Ingi Harðarson, Ragnar Ágúst Nathanielsson, Daníel Guðni Guðmundsson, Jóhannes A. Kristbjörnsson, Rúnar Ingi Erlingsson, ásamt fjölda aðstoðarþjálfara.



Styrktarþjálfarinn Ólafur Hrafn Ólafsson starfaði eins og undanfarin ár við styrktarþjálfun krakkanna frá 9. flokki og eldri.

Haldið var áfram með leikskólahóp fyrir iðkendur sem eru 5 ára sem og morgunæfingar sem eru 2 sinnum í viku fyrir iðkendur í 7. flokki og eldri. Vel var mætt á morgunæfingarnar og fór fjöldi allt upp í 25 iðkendur á æfingu.

Sumaræfingar eru löngu orðnar fastur liður í starfinu, með aðstoð bæjaryfirvalda með æfingar fyrir afrekshóp félagsins sem og æfingar fyrir aðra iðkendur. Logi Gunnarsson, yfirþjálfari hefur umsjón með afreksæfingunum en auk hans voru Bylgja Sverrisdóttir, Veigar Páll Alexandersson og iðkendur úr afrekshópi þjálfarar á sumaræfingum sem voru vel sóttar. Það voru 16 leikmenn frá okkur sem voru valin í æfingahópa yngri landsliða Íslands og tóku þau þátt í alþjóðlegum mótum, Norðurlandamótum og í Evrópukeppni. Unglingaráð heldur utan um fjáröflun fyrir krakkana sem eru valin í þessi verkefni í samráði við foreldra þeirra.

Á lokahófi unglíngaráðs í lok maí voru afhentar viðurkenningar fyrir iðkendur. Allir iðkendur 10 ára og yngri fá viðurkenningarskjal. Fyrir iðkendur 11 ára og eldri sem taka þátt í Íslandsmóti er veittur bikar fyrir þá iðkendur sem hafa sýnt mestar framfarir, efnilegasti leikamaðurinn og mikilvægasti leikmaðurinn. Á lokahófinu sem var stýrt af yfirþjálfara, afhentu þjálfarar bikarana. Á lokahófinu eru einnig afhentir Áslaugar- og Elfarsbikarinn en þeir bikarar eru afhentir efnilegustu leikmönnum félagsins í yngri flokkum og jafnframt þeim sem eru fyrirmyndir fyrir yngri leikmenn utan sem innan vallar. Áslaugarbikarinn hlaut Hulda Ósk Bergsteinsdóttir leikmaður í stúlkna- og meistaraflokki félagsins og Elfarsbikarinn hlaut Gabríel Sindri Möller leikmaður í unglíng- og meistaraflokki

F.h. Unglíngaráðs KKD UMFN

Guðný Karlsdóttir formaður

3.3. Massi – lyftingar og líkamsræktardeild UMFN

Skýrsla stjórnar Massa 2018

Árið 2018 hélt Massafólk uppteknum hætti og komu sáu og sigruðu í kraftlyftingum, Olympískum lyftingum og aflraunum.

Ný stjórn Massa tók við í mars 2018 af miklum krafti. Eitt helsta markmið stjórnar var að “rífa upp andann í Massa” ásamt því að fjölga iðkenndum með grunnnámskeiði fyrir unglíng- og að vera með fasta æfingartíma fyrir keppendur okkar.



Massamenn og konur tóku þátt í fjölmörgum mótum á árinu.

- Í Olympískum lyftingum keppti Katla Björk Ketilsdóttir á RIG í janúar og endaði hún í 2.sæti.
 - Systurnar Íris Rut og Aþena Eir Jónsdætur ásamt Emil Ragnari Ægissyni og Ingólfi Þór Ævarssyni kepptu á Íslandsmeistaramóti í febrúar með góðum árangri.
 - Aþena Eir og Katla Björk kepptu svo fyrir hönd Íslands á Norðurlandamóti unglunga í Kaupmannahöfn í september. Aþena Eir endaði í 5.sæti og Katla Björk í 2.sæti.
 - Ragnheiður Sara Sigmundsdóttir keppti fyrir hönd Íslands á HM í Túrkménistan í nóvember þar sem Sara tryggði sér 1.sæti og sló Íslandsmet í opnum flokki er hún snaraði 84kg.
 - Aþena Eir keppti svo á jólamóti LSÍ í desember þar sem hún endaði í 2.sæti í sínum flokki.
-
- Í kraftlyftingum keppti Íris Rut Jónsdóttir á RIG í janúar og endaði hún í 3.sæti.
 - Íris Rut var aftur mætt á keppnisvallinn í mars á Íslandsmeistaramót í klassískri bekkpressu ásamt Sindra Frey Arnarssyni og Halldóri Jens Vilhjálmsyni. Enduðu þau öll í verðlaunasæti.
 - Systurnar Íris Rut og Aþena Eir Jónsdætur ásamt Brynjólfi Jökli Bragasyni og Hákoni Stefánssyni kepptu á Íslandsmeistaramóti í klassískum kraftlyftingum í mars og enduðu þau öll einnig í verðlaunasætum.

Massi hélt byrjenda- og lágmarkamót Krafts í apríl en mótið er einnig notað til til þess að þjálfa nýja dómara sem eru að sækja sér réttindi í dómgæslu.

Á Ljósanótt var keppnin um sterkasta mann Suðurnesja endurvakin. Það mættu 6 keppendur til leiks og var þetta æsispennandi keppni. Kristján Jón Haraldsson hneppti titilinn “Sterkasti maður Suðurnesja 2018” með fullt hús stiga.

Halldór Jens Vilhjálmsson keppti fyrir hönd Íslands á Norðurlandamóti unglunga í klassískum kraftlyftingum og klassískri bekkpressu í september. Halldór endaði í 4.sæti í kraftlyftingum og 2.sæti í bekkpressu.

Bikarmót í klassískum kraftlyftingum var haldið á Akranesi í október. Massi sendi fjóra fulltrúa á mótið. Börkur Kristinsson, Eggert Gunnarsson og Elvar Orri Jóhannsson voru að keppa á sínu fyrsta móti en með þeim var reynsluboltinn Hörður Birkisson sem gerði sér lítið fyrir og setti 5 Íslandsmet í aldursflokki 60-69 ára.



Jólamót Massa var eitt af hugmyndum nýrrar stjórnar og var haldið laugardaginn 1. des. Mótið heppnaðist mjög vel og eignaðist Massi fjölda nýrra og efnilegra keppenda.

Að lokum óska ég íþróttafólkinu okkar til hamingju með árangur síðasta árs í von um að fleiri stökkvi á bætingalestina og haldi merkjum okkar frábæra félags á lofti í framtíðinni.

f.h. Stjórnar Lyftinga- og líkamsræktardeildar UMFN

Ellert Björn Ómarsson formaður Massa

3.4. Sunddeild

Skýrsla stjórnar Sunddeildar UMFN starfsárið 2018

Eins og síðastliðin ár eru Sunddeild Njarðvíkur og Sunddeild Keflavíkur í farsælu samstarfi undir merkjum Sundráðs ÍRB. Uppbygging liðsins hefur gengið vel á árinu og eigum við saman eitt fremsta sundlið landsins. Samtals áttum við sjö sundmenn í landsliðsverkefnum á síðasta ári og má búast við að á næsta ári bætist enn í þann hóp. Við áttum fjölda verðlaunahafa á Meistaramótum Sundsambands Íslands, bæði Íslandsmeistaramótum og Aldursflokkamótinu.

Á árinu urðu formannsskipti í Sundráði ÍRB en nýr formaður er Ómar Jóhannsson. Ómar tók við formennsku af Sigurbjörgu Róbertsdóttur sem hefur verið formaður undanfarin 11 ár. Við bjóðum hann hjartanlega velkominn í okkar hóp. Fráfarandi formaður Sundráðs ÍRB Sigurbjörg Róbertsdóttir hefur verið afar öflugur formaður. Hún hefur stýrt starfi sunddeildanna með sóma og af alúð. Starf formanns eins og allra annarra stjórnarmanna Sundráðs ÍRB er alfarið sjálfboðaliðastarf og við þökkum Sigurbjörgu kærlega fyrir óeigingjörn störf í þágu sunddeildanna undanfarin 13 ár og alla þá vinnu sem hún hefur lagt af hendi fyrir sunddeildirnar þeim til heilla.

Á árinu fengum við loksins okkar eigin þrekaðstöðu í sundlauginni og er það mikið fagnaðarefni. Einnig er hafin endurnýjun á tæknibúnaði í lauginni. Endurnýjunin á tæknibúnaðinum mun verða tekin í nokkrum skrefum en afar mikil þörf er á þessari endurnýjun þar sem eldri búnaður er kominn vel til ára sinna. Erum við afar þakklát fyrir þennan stuðning og mun hann koma að miklu gagni.

Sundárið hófst á ferð til Lyngby Open í Danmörku helgina 19.- 21. janúar. Sundmenn ÍRB stóðu sig vel á þessu alþjóðlega sundmóti og alls unnu okkar sundmenn til fimm verðlauna á mótinu. Þeir sem unnu til verðlauna voru: Karen Mist Arngeirsdóttir sem var í 1.



sæti í 200 og 100 m bringusundi og 3. sæti í 50m bringusundi. Eydís Ósk Kolbeinsdóttir sem var í 2. sæti í 400m fjórsundi og Gunnhildur Björg Baldursdóttir sem var í 2. Sæti í 200m flugsundi.

Sundmenn úr Framtíðarhópi og Afrekshópi kepptu á Reykjavík International Games (RIG) helgina 26. - 28. janúar. Afrekshópur tók mótið aðeins öðruvísi en venjulega bæði í undirbúningi fyrir og á mótinu. Meðal annars var tekin upp sú nýja venja að nota ekki keppnissundfatnað nema mikið liggi við eins og til dæmis á Íslandsmeistaramótum. Í febrúar kepptu margir sundmenn á Gullmóti KR og gekk okkar krökkum mjög vel. Þau unnu mörg verðlaun og flottar bætingar voru í mörgum sundum. Á KR Super Challenge hlutanum náði sundfólkið okkar afar flottum árangri. ÍRB átti 13 fulltrúa í þessu skemmtilega einvígi og stóðu þau öll sig afar vel.

Á Íslandsmeistaramótinu í 50 m laug sýndu sundmenn okkar magnaða takta. Niðurstaðan var sjö Íslandsmeistaratitlar, þrjú silfur og sex brons, frábær árangur hjá liðinu og mikið var um góðar bætingar. Heilmikil kynslóðaskipti eru í gangi en þetta unga lið er á réttri leið. Verðlaunahafar á ÍM 50 úr sunddeild UMFN voru: Eydís Ósk Kolbeinsdóttir, Íslandsmeistari í 400m, 800m, og 1500m skriðsundi, og 400m fjórsundi. Eydís setti einnig Njarðvíkurmet kvenna í 400m fjórsundi. Karen Mist Arngeirsdóttir, Íslandsmeistari í 50m, 100m, og 200m bringusundi. Gunnhildur Björg Baldursdóttir, silfurverðlaun í 200m flugsundi og bronsverðlaun í 400m fjórsundi. Kvennasveit ÍRB, silfurverðlaun í 4 x 100m fjórsundi. Fannar Snævar Hauksson setti nýtt Íslandsmet drengja í 50m flugsundi, ásamt því að bæta ÍRB metið í drengjaflokki í 50m, 100m, og 200m baksundi og 100m skriðsundi.

Okkar árlega Landsbankamót fór fram aðra helgina í maí. Mótið gekk í alla staði mjög vel en tæplega 400 sundmenn tóku þátt. Alls féllu fimm Íslandsmet á mótinu og átta mótismet voru sett. Fyrir hádegi kepptu 12 ára og yngri í 25m laug en eftir hádegi kepptu 13 ára og eldri í 50m laug. Sundmenn 8 ára og yngri kepptu á föstudeginum og tóku þátt í hinum alræmda sjóræningjaleik. Við héldum lokahóf sundráðs ÍRB að loknu mótinu. Afar skemmtilegt kvöl þar sem fjölmargar viðurkenningar og verðlaun voru veitt. Mætingin var frábær og stemmningin góð.

Liðið okkar hafnaði í öðru sæti á Aldursflokkeistaramótinu. Mótið fór fram á Akureyri í rjómablíðu. Liðið okkar var til fyrirmyndar í alla staði. AMÍ verður á heimavelli sumarið 2019 og er stefnan er sett á að endurheimta við það tækifæri AMÍ bikarinn. Frá árinu 2001 þegar



sunddeildir Keflavíkur og Njarðvíkur hófu samstarf sitt hefur ÍRB unnið AMÍ 11 sinnum og aldrei endað neðar en í öðru sæti. Verðlaunahafar á AMÍ úr sunddeild UMFN voru:

- Fannar Sævar Hauksson aldursflokkameistari í 400m skriðsundi, 100m og 200m baksundi, 100m flugsundi, silfur í 200m flugsundi og 100m skriðsundi, brons og silfur í 4x 100m fjórsundi og brons í 4x100m skriðsundi með sveitum ÍRB.
- Thelma Lind Einarsdóttir aldursflokkameistari í 4x100m fjórsund boðsundi með sveit ÍRB, silfur í 200m baksundi, 400m fjórsundi og brons í 100m baksundi og 200m flugsundi.
- Katla María Brynjarsdóttir aldursflokkameistari 4x50m fjórsund boðsundi með sveit ÍRB, silfur í 200m skriðsundi og 800m skriðsundi.
- Kári Snær Halldórsson brons í 100m bringusundi, brons og silfur í 4x 100m fjórsundi og brons í 4x100m skriðsundi með sveitum ÍRB.
- Aþena Líf Þrastardóttir silfur í 200m baksundi og brons í 100m flugsundi.
- Aron Fannar Kristínarson brons í 4x 100m fjórsundi með sveit ÍRB.
- Guðmundur Leó Rafnsson brons í 4x50m fjórsundi með sveit ÍRB.
- Denas Kazulis brons í 4x50m fjórsundi með sveit ÍRB.

Átta sundmenn ÍRB ásamt þjálfara fóru á sundmót í Canet í suður Frakklandi helgina 9.-10 júní. Canet mótið sem er í Mare Nostrum mótariðinni er afar sterkt sundmót þar sem mættir voru til keppni mjög margir af sterkustu sundmönnum heims. Mjög vel heppnuð ferð sem fer í reynslubankann hjá okkar flotta sundfólki.

Tímabilið í haust byrjaði svo með skemmtilegri æfingaferð til Tenerife þar sem mikið var æft og margt brallað. Sundfólkið stóð sig afar vel í þessari ferð. Þau voru dugleg að æfa og öll hegðun og umgegni var til fyrirmyndar. Fararstjórnir þau Lilja, Gunnrún, Árni og Unnur eiga skilið sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag í ferðinni. Fararstjórn er ávallt krefjandi starf en þau leystu það með stakri þryði þannig að ávallt var nóg við að vera hjá okkar ungu og orkumiklu sundmönnum.

Karen Mist Arneirsdóttir náði þeim frábæra árangri að öðlast þátttökurétt og fá að keppa á Ólympíuleikum ungmenna (The Youth Olympic Games, YOG) í Argentínu í október. Karen keppti í 100m bringusundi á leikunum og endaði í 42. sæti í 100m bringusundi á YOG. Karen ætlar að nýta sér þessa reynslu til enn meiri framfara. Mótið var gríðarlega sterkt og margir af bestu sundmönnum heims að keppa.

Sundfólk ÍRB náði góðum árangri í Bikarkeppni SSÍ fyrstu helgina í október. Kvennaliðið var með frábæran árangur, öruggt annað sætið eftir harða baráttu við SH og karlaliðið sem er mjög ungt var óvænt í þriðja sæti



Íslandsmeistaramótið í 25m laug fór fram í Hafnarfirði 9.-11. nóvember og varð Karen Mist Arngeldsdttir þar þrefaldur Íslandsmeistari í 50, 100 og 200m bringusundi. Eydís Ósk Kolbeinsdttir varð Íslandsmeistari í 800 og 400m skriðsundi auk þess sem hún vann silfur í 400m fjórsundi og 1500m skriðsundi. Ennfremur vann Gunnhildur Björg Baldursdttir silfurverðlaun í 200m flugsundi. Kvennasveit ÍRB vann brons í 4x100m fjórsundi og 4x100 m skriðsundi og blönduð sveit ÍRB vann brons í 4x100m skriðsundi.

Í desember kepptu sjö sundmenn ÍRB á NM í Oulu í Finnlandi. Skemmst er frá því að segja að sundfólkið stóð sig afar vel á mótinu, var annað hvort að bæta sig eða alveg við sína bestu tíma. Þeir sem kepptu á mótinu voru: Eva Margrét Falsdttir, Karen Mist Arngeldsdttir, Fannar Snævar Hauksson, Stefanía Sigurbórsdttir, Eydís Ósk Kolbeinsdttir, Gunnhildur Björg Baldursdttir og Birna Hilmarsdttir. Afar góð stemming var hjá landsliðinu á NM og ferðin bæði lærdómsrík og skemmtileg.

Góður endir var á sundárinu hjá ÍRB á metamóti í 50 metra og 25 metra laug. Þrjú Íslandsmet og 23 innanfélagsmet í 50m lauginni. Fannar Snævar Hauksson setti Íslandsmet í 100m skriðsundi drengja með bætingu uppá 1,2 sek. Blönduð boðsundssveit 13-14 ára bætti metið í 4 x 100m fjórsund um 21 sekúndu og 4 x 100m skriðsund um 11 sekúndur. Tvö Íslandsmet og fimm innanfélagsmet náðust í 25 metra lauginni. Fannar Snævar Hauksson setti drengjemet í 50m skriðsundi. Drengjasveit ÍRB bætti met í 4 x 50m fjórsundi. Sveitina skipuðu: Fannar Snævar Hauksson, Kári Snær Halldórson, Alexander Logi Jónsson og Sigmundur Þór Sigurmundarson.

Eydís Ósk Kolbeinsdttir og Fannar Snævar Hauksson voru valin sundfólk ársins hjá UMFN og var Eydís einnig útnefnd sundkona Reykjanesbæjar 2018 við hátíðlega athöfn á gamlársgdag.

Auk alls þessa sem minnst hefur verið á hafa sundmenn okkar keppt á hinum ýmsu sundmótum á höfuðborgarsvæðinu þar sem metnaður, framfarir og keppnisgleði hefur ríkt. Við höfum haldið áfram að halda mót fyrir 12 ára og yngri tvisvar á ári, Speedomót ÍRB, og eru þau afar vinsæl og mörg lið hafa jafnan tekið þátt.

Það er ávallt líf og fjör í sunddeildinni og nóg um að vera annað en keppni og ferðalög. Æfingadagar voru haldnir til þess að undirbúa unga sundmenn fyrir þátttöku á sundmótum. Afrekshópur lagði í óvissuferð sem heppnaðist mög vel. Farið var á kajak á Stokkseyri, borðað á Hendur í Höfn í Þorlákshöfn og endað í hópeflisleikjum í sundlauginni í



Þorlákshöfn. Yngri hópar gerðu sér glaðan dag og hittust í íþróttahúsi Akurskóla þar sem var farið í eltingaleiki, spilaður körfubolti, klifrað í köðlum og margt fleira.

Á árinu fór fram vinna við að sækja um endurnýjun sem fyrirmyndarfélag og hefur Sunddeildin nú fengið samþykka uppfærða handbók og mun afhending viðurkenningar okkar sem fyrirmyndardeild verða afhent á næsta Aðalfundi UMFN.

Í Innri-Njarðvík verður fljótlega hafist handa við byggingu skólalaugar í nýjum grunnskóla. Við ítrekum enn og aftur óskir okkar um að laugin verði 25 m þar sem mikil skortur er á laugartíma í laug sem er í fullri lengd. Það er mikil skammsýni að hafa lagina aðeins 16 m og teljum við nausynlegt að hugsa til framtíðar við hönnun laugarinnar. Við viljum þakka öllum þeim lagt hafa hönd á plóg til þess að gera sunddeildina öflugri. Án foreldrasamstarfs væri ekki hægt að reka sunddeildina. Skipulag og utanumhald er unnið í sjálfbóðaliðavinnu foreldra sem og vinna á mótum. Það er mikilvægt að hafa foreldra sem svara kallinu þegar óskað er eftir aðstoð og skilja mikilvægi þess að taka þátt í tómstundastarfi barna sinna.

Einnig eiga þakkir skildar þjálfarar, foreldrar, starfsfólk Vatnaveraldar, starfsólk sundlauganna í Heiðarskóla, Njarðvíkurskóla og Akurskóla sem og okkar helstu styrktaraðilar, Reykjanesbær, Landsbankinn, Nettó, Speedo, Krónan og Sigurjón í Sigurjónsbakaríi og allir aðrir sem lögðu sitt af mörkum fyrir sundstarfið á árinu.

Fyrir hönd stjórnar sunddeildar UMFN,
Harpa Kristín Einarsdóttir formaður.

Stjórn sunddeildar UMFN árið 2018:

Harpa Kristín Einarsdóttir formaður
Anna Steinunn Gunnlaugsdóttir varaformaður
Kristín Guðmundsóttir gjaldkeri
Sigurrós Antonsdóttir ritari
Unnur Helga Snorradóttir meðstjórnandi
Árni Grétar Óskarsson varamaður
Guðrún Ósk Lange varamaður



3.5 Júdídeild

Skýrsla júdídeildar UMFN starfsári

Júdí:

Í desember unnu þeir Ægir Már Baldvinsson og Bjarni Darri Sigfússon sér inn svart belti. Gísli Vilborgarsson sá um þjálfun þeirra í kata. Það er ekki algengt að nemendur séu hærra gráðaðir en þjálfari þeirra. Guðmundur er með fjólublátt belti í Brazilian Jiu jitsu en hvítt belti skv. gráðugögnum Júdíósambands Íslands.

Jóhannes Pálsson sigraði -66kg flokki barna U15, 13-14 ára. Gabríel Ægir Vignisson varð þriðji í -55kg flokki 13-14 ára drengja. Daníel Dagur Árnason sigraði -50kg flokki unglunga og Gunnar Örn Guðmundsson varð þriðji í -66kg flokki unglunga.

Ingólfur Rögnvaldsson varð annar í -81kg flokki unglunga þrátt fyrir að vera brákaður á nokkrum rifbeinum en hann keppti tveimur flokkum upp fyrir sig. Gunnar Örn og Jóel kepptu einnig í flokki 18-20 ára en þeir eru einungis 15 ára á árinu. Ægir Már Baldvinsson sigraði -66kg U21 en hinn ungi Gunnar krækti í þriðja sæti í sama þyngdarflokki.

Njarðvíkingar voru sigursælir á Vormóti Júdíósambands Íslands í yngri flokkum. Þar sigruðu Njarðvíkingar fjóra flokka af átta mögulegum. Þeir Ingólfur Rögnvaldsson og Daníel Dagur Árnason sigruðu sína flokka hvor, í flokki 15-17 ára, Ingólfur í flokki -73kg og Daníel í flokki -50kg. Jana Lind Ellertsdóttir sigraði eftir harða keppni við andstæðing sinn í -63kg flokki 18-20 ára og Ægir Már Baldvinss. sigraði sinn andstæðing í -66kg flokki 18-20 ára. Einnig komu nokkur silfur í hús þar sem Gabríel Ægir Vignisson og Jóhannes Pálsson hreptu báðir annað sætið í flokknum 13-14 ára. Þá krækti Gunnar Örn sér í silfur í -66kg fl.15-17 ára og brons í -66kg fl. 18-20 ára. Ingólfur landaði svo 3ja sætinu í -73kg fl. 81-20 ára en þar keppti hann í aldursfl. upp fyrir sig.

Fyrir páska þann 5.apríl var haldið Páskamót UMFN en það fór fram í aðstöðu Júdídeildar UMFN á Iðavöllum 12. Alls tóku þrjátíu keppendur þátt, keppt var í fjórum aldursflokkum og fjölmörgum þyngdarflokkum. Yngstu iðkendur deildarinnar spreyttu sig í keltneskum fangbrögðum og þá kepptu eldri iðkendur skv. reglum sem eru aðlagaðar að hinum ýmsu fangbrögðum sem stunduð eru hjá júdídeildinni. Það er gleðin sem ræður ríkjum á þessu móti og fengu keppendur páskaegg að móti loknu.



Íslandsmeistaramót yngri í júdó.

Ægir keppti í -66 kg flokki 18-20 ára og keppti hann sjö viðureignir á mótinu, en hann vann allar sínar viðureignir. Daníel Dagur gerði slíkt hið sama og vann allar sínar viðureignir í -55 kg flokki 15-17 ára. Daníel keppti einnig í aldurs- og þyngdarflokki upp fyrir sig -55kg 18-20 ára og varð annar í þeim flokki eftir spennandi úrslitaviðureign, Daníel keppti samtals tíu viðureignir á mótinu. Sveit Njarðvíkur 15–17ára, var skipuð þeim Daníel Degi Árnasyni, Gunnari Erni Guðmundssyni, Borgari Unnbirni Ólafssyni, Ingólfi Rögnvaldssyni og Gabríel Orra Karlssyni, varð í þriðja sæti í liðakeppninni. Gunnar Örn handleggsbrotnaði í fyrstu viðureign og var á brattan að sækja eftir það fyrir lið Njarðvíkinga. Aldrei í sögu júdódeildarinnar hafa svo mörg lið tekið þátt í sveitakeppninni og var þetta var einn besti árangur UMFN í sveitakeppni frá stofnun deildarinnar.

Á haustmóti Júdósambands Íslands gerði Ingólfur Rögnvaldsson sér lítið fyrir og sigraði sinn flokk og er yngsti keppandi UMFN til að sigra eitt af fjóru stóru mótum JSÍ. Daníel Dagur Árnason varð annar í 60kg flokki.

Þann 24-25.nóvember var Södra Judo Open haldið í Svíðjóð. Á meðal þátttakenda voru þrír keppendur frá Judodeild Ármanns og ellefu frá Judodeild UMFN. Bestum árangri náði Guðmundur Stefán Gunnarsson en hann vann gullverðlaun í Veterans flokki í +100 kg og lagði þrjá andstæðinga af velli og í opnum flokki varð hann í öðru sæti. Eftir að hafa lagt fjóra keppinauta sína í opna flokknum varð hann að lúta í lægra haldi í úrslitaviðureign gegn Emil Mattson. Aðrir sem unnu til verðlauna unnu allir til bronsverðlauna og voru það þeir Jóhannes Pálsson í U15 -73 kg, Ingólfur Rögnvaldsson í U18 -73 kg og Gunnar Örn Guðmundsson í U21 -66 kg. Aðrar viðureignir sem unnust voru hjá Daníel Árnasyni og Gunnari Guðmundssyni báðir í U18 -66 kg og Ingólfi Rögnvaldsyni í U21 -73kg.

Brazilian jiu jitsu:

Heiðrún Fjóra Pálsdóttir vann sér inn Blátt belt í brazilian Jiu jitsu. Hún er fyrsti blábeltingurinn sem Guðmundur Stefán gráðar.

Í júní fór fram Mjólnir Open sem er óformlegt Íslandsmeistaramót í uppgjafaglímu og sendu Njarðvíkingar þrjá keppendur til leiks, tvo í barna- og unglingaflokki og einn í fullorðinsflokki. Heiðrún Fjóra keppti í fullorðinsflokki og svo fór að hún varð hún þriðja í sínum flokki og varð svo önnur í opnum flokki kvenna sem er erfiðasti flokkurinn á mótinu. Litli bróðir hennar, Jóhannes Pálsson varð svo Mjólnismeistari í barna og unglingaflokki í sínum þyngdarflokki.



Guðmundur Stefán Gunnarsson fékk það skemmtilega verkefni að kenna íslenska glímu og fleiri bardagaíþróttagreinar á mjög stórum alþjóðlegum æfingabúðum fyrir bardagafólk. Þar voru staddir margir af bestu keppendum og þjálfurum í heiminum en búðirnar fóru fram í aðstöðu Mjölnis í Öskuhlíð, m.a. Sophie Cox sjöfaldur Bretlandsmeistari í júdó, ólympíufari í júdó og tvöfaldur heimsmeistari í BJJ svo eitthvað sé nefnt. Einnig voru þarna nöfn eins og Carlos Machado 8 gráðu svartbeltingur í BJJ og Gunnar Nelson sem ekki þarf að kynna fyrir okkur Íslendingum. BJJ Globtrotters stóðu fyrir þessum búðum. Mikil ánægja var með kennsluna og kom þátttakendum á óvart hversu skemmtilegar og í raun einfaldar greinarnar eru.

BJJ æfingabúðir til styrktar Barnaspítala Hringsins voru haldnar og tóku átta frábærir BJJ þjálfarar frá fjórum félögum að sér að kenna í klukkutíma hver. Námskeiðið var mjög vel heppnað í alla staði. Það voru þeir Guðmundur Stefán Gunnarsson og Björn Lúkas Harladsson sem stóðu að námskeiðinu.

Nýjasti meðlimur Njarðvíkur, Daníel Örn Skaptason gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í sínum flokki.

Heiðrún Fjóla Pálsdóttir hlaut silfur í sínum flokki og svo brons í gríðarlega strerkum Opnum flokki kvenna, Jakub Owczarski og Davíð Róbertsson Bermann nældu sér í silfur, á meðan þeir Hrafnkell Þór, Rihard Ioan Janson og Helgir Rafn Guðmundsson hlutu brons. Gunnar Örn Guðmundsson varð 4.-8. í sínum flokki og stóð sig gríðarvel miðað við að vera eingungis 15 ára gamall, glímdi á undanþágu því að enn eru tvö ár þangað til hann nær lágmarksaldri fyrir mótið.

Í nóv. fór fram fjölmennasta barna- og unglíngamót sem haldið hefur verið í glímuíþróttum í bardagahöll Reykjanesbæjar. Alls voru 110 keppendur sem spreyttu sig í júdó og jui jitsu. Alls tóku 17 heimamenn þátt. Þeir Jóhannes Pálsson, Gunnar Örn Guðmundsson og Sigmundur Þengill Þrastarson tryggðu sér gull í sínum flokkum. Ingólfur Rögnvaldsson og Daníel Dagur Árnason nældu sér í silfur á meðan Fernir Frosti Guðmundsson hlaut brons í sínum flokki. Helgi Þór varð fjórði í sínum flokki, Fenrir Frosti varð þriðji og Gunnar Örn sigraði sinn flokk -70kg 14-15 ára. Þetta er því þriðja kynslóð Njarðvíkinga sem iðka bardagaíþróttir.



GLÍMA:

Grunnskólamót Glímusambands Íslands fór fram í mars. Á mótinu unnu fjórir drengir úr Akurskóla til verðlauna en það voru þeir Ingólfur Rögnvaldsson sem varð annar í flokki 10. bekkinga, Gunnar Örn Guðmundsson varð einnig í öðru sæti í flokki 9. bekkinga og Daníel Dagur Árnason varð þriðji í sama flokki. Jóhannes Pálsson varð í þriðja sæti í flokki 7. bekkinga. Háaleitisskóli átti einn keppanda í mótinu sem hafnaði í 4. sæti í flokki 6. bekkinga.

Mikill uppgangur hefur verið í greininni hér á Suðurnesjum og er glíma ein af mörgum íþróttgreinum sem eru í boði hjá UMFN.

Kári Ragúels Víðisson varð Íslandsmeistari í glímu í +80 kg flokki unglunga og Ingólfur Rögnvaldsson varð Íslandsmeistari í -80 kg flokki í glímu á þriðja móti meistaramótaraðar Glímusambands Íslands. Gunnar Örn Guðmundsson varð annar í -80kg flokki unglunga og Jóel Helgi þriðji í sama flokki. Heiðrún Fjóra varð síðan þriðja í kvennaflokki.

Á mótinu sem fram fór um helgina vann Ingólfur bæði mínus og plús 80 kg flokk unglunga, Kári Ragúels Víðisson varð annar í +80 kg flokki unglunga og Gunnar Örn Guðmundsson varð svo annar í -80 kg og þriðji í +80 kg flokki. Jóel Reynisson varð í þriðja sæti í -80 kg flokki unglunga og tryggðu því Njarðvíkingar sér þrjú efstu sætin í þeim flokki. Heiðrún Fjóra tryggði sér þriðja sætið í fullorðinsflokki eftir að hafa átt gott mót, Gunnar Örn Guðmundsson fékk silfur í sínum flokki og Jóel Helgi varð í þriðja sæti.

Keppendur vinna sér inn stig á hverju móti og eru heildarstigin lögð saman á þriðja og jafnframt lokamótinu og ákvarða heildarstigin sætaskipan.

Evrópumeistaramót unglunga í Backhold (skoskum fangbrögðum) og Gouren (franskri glímu) fór fram í Bretlandi. Glímusamband Íslands sendi sjö keppendur á mótið og í þeim hópi voru þrír Njarðvíkingar, það voru þau Kári Ragúels Víðisson, Heiðrún Fjóra Pálsdóttir og Bjarni Darri Sigfússon. Kári varð fjórði í Backhold og Bjarni lenti í öðru sæti í sömu grein. Heiðrún Fjóra varð önnur í Gouren eftir að hafa sigrað hvern andstæðinginn á fætur öðrum og skellti stúlkunni sem hún barðist við í úrslitaviðureigninni nokkuð oft, var hún rænd sigrinum að flestra mati. Heiðrún bætti um betur í Backhold þar sem hún gjörsigraði alla keppinauta sína og stóð því uppi sem Evrópumeistari. Frækinn árangur hjá kempunum úr Njarðvíkunum



Þær Jana Lind Ellertsdóttir og Heiðrún Fjóra Pálsdóttir skipulögðu stærstu æfingabúðir í blönduðum bardagaíþróttum sem haldnar hafa verið hér á landi og fóru fram síðustu helgina í ágúst. Jana og Heiðrún keppa báðar í Júdo fyrir Njarðvík. Margir af bestu þjálfurum og keppnismönnum úr hinum ýmsu greinum tóku þátt í búðunum og margir hverjir frá Suðurnesjum. Má þar m.a. nefna Helga Rafn þjálfara Keflavíkur sem kenndi Taekwondo, Guðmund Stefán Gunnarsson þjálfara UMFN sem kenndi Júdo og Blackhold. Þá kenndi Sigurpáll, fyrrverandi þjálfari Newasa BJJ í Grindavík, BJJ/Grappling ásamt fleiri þjálfurum annars staðar af landinu sem kenndu hinar ýmsu greinar.

Heiðrún Fjóra og Kári Víðisson tóku í september þátt í nokkrum mótum á Bretlandseyjum í Backhold fyrir Íslands hönd. Þau stóðu sig ótrúlega vel og fór svo að Heiðrún sigraði alla andstæðinga sína og þar með opinn flokk kvenna. Heiðrún varð því skoskur meistari í greininni. Þetta er enn ein rósín í hnappagatið á þessu ári hjá þessari hæfileikaríku íþróttakonu.

Í fyrstu umferð í mótarið Glímusambands Íslands í október sigraði Njarðvíkingurinn Bjarni Darri Sigfússon í fullorðinsflokki en hann vann einnig í -80 kg flokki unglunga. Gunnar Örn varð í því þriðja í þeim flokki. Jóel Helgi Reynisson varð svo annar í +80kg flokki unglunga. Á Íslandsmóti barna og unglunga í glímu á Reyðarfirði, unnu Elísabet Ósk Haraldsdóttir, Guðlaug Anna Oddsdóttir og Jóhannes Pálsson brons í sínum aldursflokkum. Gunnar Örn Guðmundsson varð síðan annar í flokki 15 ára.

Gunnar Örn Guðmundsson var í nóv.2018 kjörinn efnilegasti Glímumaður Íslands af hálfu Glímusambands Íslands.

Bjarni Darri og Heiðrún Fjóra voru kjörin íþróttamaður og íþróttakona UMFN og 31. desember voru þau síðan kjörin íþróttamaður og íþróttakona Reykjanesbæjar.

F.h. stjórnar júdódeildar UMFN
Guðrún Bjarnadóttir formaður



3.6 Þríþrautardeild

Skýrsla þríþrautardeildar UMFN starfsárið 2018

Starfsárið 2018 byrjaði með krafti hjá þríþrautardeild UMFN. Haldin var æfingahelgi fyrstu helgina í janúar. Tókum létt og skemmtilegt sund á föstudeginum. Laugardagurinn fyrir hádegi var hlaupaæfing og fyrirlestur með Ívari Trausta og eftir hádegi sund/hjól með Jónu og Jóni Oddi. Enduðum æfingarnar á jóga/slökun með Bryndísi Kjartans í Sporthúsinu. Um kvöldið fórum við saman út að borða og áttum góða stund saman. Á sunnudagsmorgun var svo haldið áfram og tekin hjóla-/hlaupaæfing með Jóni Oddi. Þessi viðburður var afar vel heppnaður og höfðu allir gaman af sem þátt tóku. Ákveðið var að endurtaka leikinn á þessu ári og verður vonandi að hefð. Æfingahelgin hefur veitt félögum 3N mikla ánægju og aukið samheldni meðal félaga hvort sem þeir eru að æfa eina grein eða fleiri.

Farið var í æfingaferð til Tenerife í febrúarmánuði. Ferðin var vel skipulögð, vel nýtt til æfinga og slökunar í sólinni. Ferðin var afar vel sótt. Fólk var svo ánægt með þessa ferð að ákveðið var að fara aftur á sama stað á þessu ári og var stór hópur úr samskonar ferð í síðustu viku. Æfingaferð erlendis er að verða föst hefð enda gríðarlega gott að komast í hitann um hávetur og taka á því. Vonandi verður áframhald á þessum ævintýraferðum.

Á síðasta aðalfundi urðu breytingar á stjórn. Una Sigurðardóttir hætti sem formaður og við tók Baldur Sæmundsson. Guðlaug Sveinsdóttir kom inn sem varamaður í stjórn. Við þökkum Unu fyrir vel unnin störf og bjóðum Guðlaugu velkomna til starfa.

Félagar 3N voru duglegir að taka þátt í hinum ýmsu hlaupum sem í boði voru á vormisseri. Sum okkar náðu verðlaunasætum og aðrir skoruðu á sjálfan sig og höfðu gaman af.

Við héldum okkar árlegu götuhjólakeppni, Reykjanesmótið, í maí. Aðal styrktaraðili keppinnar 2018 var Nettó og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir rausnarlegan stuðning. Reykjanesmótið er ein af vinsælustu götuhjólakeppnum landsins þar sem hjólarar, byrjendur sem lengra komnir geta fundið vegalengdir við sitt hæfi og keppt sín á milli. Veðurguðirnir voru ekki með okkur í liði á auglýstum keppnisdegi þannig að fresta þurfti keppninni um nokkra daga. Keppnin heppnaðist með eindæmum vel þetta árið þar sem veðrið lék við okkur á keppnisdegi. Þátttakan var góð og framkvæmd mótsins tókst vel. Viljum við þakka kærlega öllum sem að komu, án aðstoðar sjálfboðaliða væri þetta ekki hægt. Einnig þökkum við öllum styrktaraðilum mótsins.



Óvenju stór hópur tók þátt í Garpamóti SSÍ þar sem tveir félagar 3N lönduðu sinn hvorum Íslandsmeistaratitlinum. Garpamót SSÍ er stórt og skemmtilegt mót fyrir eldri sundmenn. Vona að þátttakan verði jafn góð eða betri á þessu ári.

3N átti fulltrúa í flestum þríþrautarkeppnum sem haldnar voru á Íslandi 2018. Okkar fólk stóð sig með stakri þryði. Alltaf einhver 3N félagi á palli í hverri keppni sem tekið var þátt í. Það er mikilvægt að taka þátt í sem flestum þríþrautarkeppnum sem boðið er uppá héraendis því engin keppni er án keppenda. Keppnirnar eru allar vel skipulagðar og auðvelt fyrir alla að taka þátt. Því fleiri þátttakendur því skemmtilegri keppni og meiri líkur á að keppnin verði haldin aftur. Hvetjum alla til að taka þátt í sem flestum keppnum á þessu tímabili og takast á við aðra þríþrautarkappa sem og sjálfan sig og safna stigum fyrir 3N í bikarkeppni þríþrautarsambandsins. En fyrst og fremst að hafa gaman af þessu.

Nokkrir úr hjólahóp 3N voru fengin til að fylla lið Airport Associates í WOW Cyclathon 2018. Liðið endaði í 16. sæti sem var framar okkar björtustu vonum. Að taka þátt í þessari keppni var einstök upplifun sem enginn okkar á eftir að gleyma. Kunnum við Airport Associates miklar þakkir fyrir að hafa gefið 3N tækifæri til að taka þátt í þessum mikla viðburði sem WOW cyclathon er.

Hjólarar 3N tóku þátt í Reykjanesmótinu, Bláalónsprautinni og Fjallahjólakeppni Rangárbings Ultra. Hvetjum við hjólara 3N til að skoða dagskrá sumarsins og skella sér í keppni, það eru mjög margar skemmtilegar keppnir í boði um allt land.

Hlaupasumarið og haustið 2018 var ansi viðburðaríkt hjá félögum 3N. Áttum fulltrúa í mörgum af helstu hlaupum sumarsins. Má nefna Víðavangshlaup ÍR, Hlauparöð FH og BOSE, Vormaraþon, Hvítasunnuhlaup Hauka, Mt. Esju Ultra, Miðnæturhlaup Suzuki, Snæfellsjökulshlaupið, Ármannshlaupið, Hlaupahátíð á Vestfjörðum, Laugarvegshlaupið, Jökulsárhlaupið, Strandarhlaup Þróttar Vogum, Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka, Ljósanæturhlaup Lífsstíls, Hengils Ultra Trail, Hjartadagshlaupið, Haustmaraþon og síðast en ekki síst Klemminn. Er viss um að allir sem þátt tóku eiga nú góðar minningar úr þessu hlaupum og geta verið stolt af sínum árangri. Biðst fyrirfram afsökunar ef eitthvað hefur farið framhjá mér. Það er erfitt að halda utanum alla þessa viðburði.

Í lok ágúst héldum við okkar árlegu sprettþraut. Nettó styrkti keppnishaldið og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir. Keppnin fór fram í blíðskaparveðri og voru keppnis-



aðstæður eins og best verður á kosið. Fjöldi þátttakenda hefði mátt vera meiri en þeir sem þátt tóku skemmtu sér vel og var stemmingin einstaklega góð meðal þátttakenda.

Framkvæmd keppinnar tókst vel og vonum við að þáttaka verði góð á þessu ári.

Rósin í hnappagat Þríþrautardeildar UMFN, hvað keppnir varðar kom svo í lok árs þegar Jón Oddur Guðmundsson keppti í Heilum Járnkarl í xstreme flokki sem er mun erfiðara en hefðbundin Járnkarl. Keppnin heitir Patagonaman og fór fram í syðsta hluta Chile. Jón Oddur náði 43. sæti af 250 keppendum sem er afar góður árangur þar sem um alþjóðlega keppni er að ræða. Við óskum Jóni til hamingju með árangurinn og erum afar stolt af okkar manni.

Þríþrautarkona og karl ársins voru valin í lok árs. Valið stóð á milli félaga 3N sem keppt höfðu í þríþrautarkeppni á tímabilinu 1. sept 2017 til 31. ágúst 2018. Titillinn þríþrautarkarl ársins hlaut að þessu sinni Tomasz Bogdansson Trojanowski. Titillinn þríþrautarkona ársins hlaut að þessu sinni Guðlaug Sveinsdóttir. Við óskum þeim til hamingju með titlana og vonum að þessi verðlaun hvetji þau til dáða á þessu ári.

Starf Þríþrautardeildar UMFN er í miklum blóma um þessar mundir. Metfjöldi iðkenda er nú hjá 3N. Starfið hefur verið afar fjölbreytt og gróskumikið. Þríþrautardeild UMFN er að verða rótgróin deild innan UMFN sem fólk í Reykjanesbæ er farið að taka eftir. Þríþrautardeildin er raunverulegur valkostur fyrir fólk á öllum aldri sem vill komast í reglubundna hreyfingu. Efla þannig heilsu sína og auka lífsgæði til frambúðar. Iðkendur mega samt ekki gleyma að 3N er ekki líkamsræktarstöð rekin í gróðaskyni heldur íþróttafélag sem rekið er í sjálfböðavinnu. Til þess að svona starfsemi geti þrífist þurfa félagar að standa saman og vera tilbúin til að leggja sitt að mörkum og aðstoða þegar á þarf að halda. Þríþrautardeild UMFN er ekkert annað en iðkendurnir sem mæta á æfingar sér til heilsubótar og ánægju. Að lokum vil ég segja að ég hef sjaldan kynnst eins stórum hópi af góðu fólki og er innan 3N.

Vil ég fyrir hönd stjórnarinnar þakka ykkur kærlega fyrir samstarfið á árinu 2018 og efast ekki um að 2019 verði enn betra.

Fyrir hönd stjórnar þríþrautardeildar UMFN,
Baldur Sæmundsson formaður



4.0 Þakkarorð

Ég vil færa þakkir fyrir öllu því frábæra fólki sem komið hefur að störfum fyrir félagið. Það er ekki sjálfgefinn hlutur að sjá af tíma sínum í þessi störf og vinna ötullega að því að gera frábært félag enn betra. Megi starfssemi félagsins blómstra áfram um ókomna framtíð.

Bolti gegn böli – hreysti til hagsældar.

Áfram Njarðvík.

F.h. stjórnar UMFN

Ólafur Eyjólfsson formaður

5.0 Íþróttafólk og Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2018

5.1. Íþróttamaður og íþróttakona UMFN 2018

Bjarni Darri Sigfússon og Heiðrún Fjóra Pálsdóttir

5.2. Knattspyrnumaður UMFN 2018

Magnús Þór Magnússon

5.3. Körfuknattleiksmaður og körfuknattleikskona UMFN 2018

Maciej Baginski og Vilborg Jónsdóttir

5.4. Kraftlyftingarmaður og kraftlyftingarkona UMFN 2018

Halldór Jens Vilhjálmsson og Íris Rut Jónsdóttir

Lyftingarmaður og lyftingarkona UMFN 2018 (ólymp.lyftingar)

Emil Ragnar Ægisson og Katla Björk Ketilsdóttir

5.5 Sundmaður og sundkona UMFN 2018

Fannar Snævar Hauksson og Eydís Ósk Kolbeinsdóttir



5.6. Júdámaður og júdókona UMFN 2018

Ingólfur Rögnvaldsson og Heiðrún Fjóla Pálsdóttir

Glímumaður og glímukona UMFN 2018

Bjarni Darri Sigfússon og Heiðrún Fjóla Pálsdóttir

5.7. Þríþrautarmaður og þríþrautarkona UMFN 2018

Tomasz Bogdansson Trojanowski og Guðlaug Sveinsdóttir

6.0 Íslandsmeistarar UMFN 2018

6. 1. – 6.6.

Sjá skýrslur viðkomandi stjórna

7.0 Heiðursveitingar

7.1. Ólafsbikar 2018: Hafsteinn Hilmarsson

Stefán Freyr Thordersen afhenti Hafsteini bikarinn. Bikarinn var fyrst afhentur á aðalfundi félagsins 1993.

2018

Hafsteinn Hilmarsson

2017

Bjarni Sæmundsson

2016

Halldóra Halldórsdóttir

2015

Valþór Söring og Halldóra Lúthersdóttir



2014

Agnar Mar Gunnarsson

2013

Helgi Helgason

2012

Guðmundur Gunnarsson

2011

Halldór Rósmundur Guðjónsson

2010

Alexander Ragnarsson & Bylgja Sverrisdóttir

2009

Rafn Vilbergsson

2008

Örvar Þór Kristjánsson

2007

Logi Halldórsson

2006

Haraldur Hreggviðsson

2005

Andrés Ottósson

2004

Erlingur Rúnar Hannesson

2003

Halldóra Húnbogadóttir

2002

Einar Árni Jóhannsson

2001

Ingólfur Ólafsson

2000

Freyr Sverrisson



1999

Steinunn Sighvatsdóttir

1998

Ólafur Guðbergsson

1997

Freyr Sverrisson

1996

Steindór Gunnarsson

1995

Kristinn Pálsson

1994

Leifur Gunnlaugsson

1993

Júlíus Valgeirsson

7.1. Gullmerki með lárviðarsveig

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Einar Árni Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Hilmar Hafsteinsson

Veitt á lokahófi knd UMFN 2018

Leifur Gunnlaugsson

7.2. Gullmerki

Gullmerki UMFN fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið.



Veitt á aðalfundi UMFN 2018

Jóhannes A. Kristbjörnsson
Halldóra Lúthersdóttir
Valþór Söring Jónsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Hafsteinn Hilmarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Ómar Kristjánsson
Björgvin Magnússon
Ágúst Hrafnsson
Lára Ingimundardóttir
Guðmundur Sæmundsson
Jón Einarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2015.

Alexander Ragnarsson
Andrés Ari Ottósson
Viðar Kristjánsson
Þórunn Friðriksdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Erlingur Rúnar Hannesson
Páll Kristinsson
Ragnar Halldór Ragnarsson
Sigmundur Már Herbertsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

Haukur Guðmundsson
Friðrik Pétur Ragnarsson
Leifur Gunnlaugsson



Veitt á aðalfundi UMFN 2012

Gunnar Örn Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Hermann Jakobsson

Jón Bjarni Helgason

Ólafur Thordersen

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

Gunnar Þórarinsson – (afhent á lokahófi knattspyrnudeildar)

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

Stefán Bjarkason

Böðvar Jónsson

Guðmundur Snorrason

Haukur Jóhannsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

Oddbergur Eiríksson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

Gunnar Þorvarðarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

Teitur Örlygsson

Kristbjörn Albertsson

7.3. Silfurmerki

Silfurmerki UMFN með fyrir 15 ára frábært starf eða keppni fyrir félagið.



Veitt á aðalfundi UMFN 2018

Sturla Ólafsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Agnar Mar Gunnarsson

Bylgja Sverrisdóttir

Helgi Helgason

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Helgi Arnarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2014

Snorri Jónas Snorrason

Veitt á aðalfundi UMFN 2013

Einar Árni Jóhannsson

Friðrik Erlendur Stefánsson

Sævar Ingi Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Alexander Ragnarsson

Andrés Ari Ottósson

Friðrik Pétur Ragnarsson

Guðmundur Sæmundsson

Júlíus Valgeirsson

Magnús Þór Kristófersson

Viðar Kristjánsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

Friðrik Ólafsson

Herbert Eyjólfsson



Þórunn Þorbergsdóttir
Þórður Karlsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

Björn Jóhannsson
Edda Ottósdóttir
Haraldur Hreggviðsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

Einar Árni Jóhannsson
G. Elsie Einarsdóttir
Gunnar Þórarinsson
Haukur Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

Guðmundur „Brói“ Sigurðsson
Hermann Jakobsson
Leifur Gunnlaugsson
Freyr Sverrisson

7.4 Bronsmerki

Bronsmerki UMFN fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið

Veitt á aðalfundi UMFN 2017

Sævar Ágústsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2016

Halldóra Halldórsdóttir
Þórir Hauksson
Haraldur Helgason

Veitt á aðalfundi UMFN 2013



Kristinn Örn Agnarsson
Thor Ólafur Hallgrímsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

Hörður Birkisson
Sturla Ólafsson
Sævar Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Bjarni Sæmundsson
Guðni Erlendsson
Jóhannes Albert Kristbjörnsson
Kristinn Einarsson
Páll Kristinsson

7.4 UMFN skjöldurinn

Viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu félagsins

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

Sigmundur Már Herbertsson fyrir dómgæslu
Helgi Helgason
Snorri Jónas Snorrason
Thor Ólafur Hallgrímsson

8.0. Reikningar félagsins 2018

8.1 Áritun bókhaldsstofu

9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi

9.1. Sport- og ævintýraskóli UMFN



Skýrsla fyrir sumarið 2018

Sumarið 2018 er tíunda árið sem Andrés Þórarinn Eyjólfsson íþróttfræðingur heldur utan um Sport- og ævintýraskóla í samvinnu við Ungmennafélag Njarðvíkur. En þess má geta að Andrés stofnaði Sport- og ævintýraskólann árið 2008. Sport- og ævintýraskólinn er einskona íþrótt- og leikjaskóli fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára. Helsti tilgangur þessa verkefnis er að auka framboð á afþreyingu fyrir börn sem búsett eru í Innri-Njarðvík, Ytri-Njarðvík og Ásbrú. En námskeiðið er að sjálfstöðu opið öllum börnum Reykjanesbæjar sem eru á áður tilteknum aldri. Aðsetur skólans eru í Íþróttamiðstöð Akurskóla (fyrra námskeið) og í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur (seinna námskeið). Undanfarið ár hefur aðsóknin verið með eindæmum góð.

Markmið:

Megin markmið Sport- og ævintýraskólans er að kynna börnum fyrir nærumhverfi sínu og upplifa skemmtilega hluti í góðra vina hópi ásamt því að fá góða kynningu á hreyfingu og helstu íþróttgreinum sem UMFN hefur uppá að bjóða. Skólinn er í mjög góðu samstarfi við yngri flokkastarf UMFN. Ákveðinn dagur hefur ávallt verið tileinkaður íþróttgreinunum og fær skólinn til sín þjálfara sem leiðbeina krökkunum í einu og öðru sem tengist þeirra íþróttgrein. Það er von skólans að börnin fái jákvæða upplifun af því frábæra starfi sem fram fer í helstu íþróttgreinum innan UMFN.

Þátttökugjald:

Þátttökugjaldið var 10.000 krónur fyrir tveggja vikna námskeið og veittur var 10% systkinaafsláttur.

Námskeiðin:

Námskeið – Akurskóla

Fyrsta námskeið sumarsins hófst 6.júní og stóð til 15.júní. Alls sóttu 53 krakkar námskeiðið. Flest þessara barna voru á aldrinum 6-10 ára eða um 50 talsins (94%) og börn á aldrinum 11-12 ára voru samtals 3 eða um 6% heildarfjölda þeirra sem sóttu fyrsta námskeiðið. Lagt var af stað með fjölbreytta dagskrá þar sem Sport og Ævintýri áttu eftir að setja skemmtilegan svip á bæjarlífið



	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
06jún-8.jún			<p>Hittingur við íþróttahúsið í Akurskóla / Leikir og landnámsdýragarður</p> <p>Í dag er börnunum raðað í hópa. Síðan verður farið í ýmsa leiki í bland við skemmtilega skoðunarferð</p> <p>Munið að koma klædd eftir veðri, með nesti og í góðum skóm !</p>	<p>Kynning á Júdo / Frisbígolf</p> <p>Þjálfarar frá Júdo deild UMFN mun taka á móti hópnum og kynna íþróttina. Einnig munum við fara í frisbígolf.</p> <p>Mætið tímanlega. Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi) og kl.12:45 (eftir hádegi)</p>	<p>Hjólaferð</p> <p>Allir að mæta með hjól og hjálm því við ætlum að hjóla á vit ævintýranna. Hópnum verður skipt upp í tvo hópa sem velja um langa eða stutta hjólaferð.</p>
11.jún-15.jún	<p>Fjórheimar / 88 húsið</p> <p>Farið verður í félagsmiðstöðina Fjórheima sem er staðsett á Hafnargötu 88. Þar er margt skemmtilegt í boði og munum við að sjálfsögðu gera okkur glaðan dag.</p> <p>Mætið tímanlega. Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi) og kl.12:45 (eftir hádegi)</p>	<p>Sund í Vatnaveröld</p> <p>Farin verður sundferð til Keflavíkur þar sem við munum heimsækja Vatnaveröld. Steindór yfirþjálfari sunddeildar ÍRB mætir á svæðið.</p> <p>Ekki gleyma sundfötum, handklæði og nesti.</p> <p>Mætið tímanlega. Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi) og kl.12:45 (eftir hádegi)</p>	<p>Heimsókn til lögreglunar og slökkviliðsins í Keflavík</p> <p>Í dag munum við fara í áhugaverða heimsókn til lögreglunnar og slökkviliðsins í Keflavík.</p> <p>Mætið tímanlega. Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi) og kl.12:45 (eftir hádegi)</p>	<p>Ferðalag út í óvissuna</p> <p>Í dag er mjög mikilvægt að koma í góðum skóm sem mega verða skítugir. Munið eftir að koma klædd eftir veðri og með næringarríkt nesti.</p> <p>Mætið tímanlega. Strætó fer kl.8:45 (fyrir hádegi) og kl.12:45 (eftir hádegi)</p>	<p>Tívolídagur og Minute to win it !</p> <p>Farið verður í heimatilbúið Tívolí þar sem börnin fá að spreyta sig í ýmsum tívolíþrautum inn í íþróttahúsi Akurskóla. Einnig verða Minute to win it þrautir sem eru bæði krefjandi og skemmtilegar.</p> <p>Við endum síðan daginn á að njóta veitinga þar sem Sport- og ævintýraskólinn fagnar 10 ára afmæli ☺</p>

Námskeið - Njarðvíkurskóli

Þann 18.júní fór af stað annað námskeið sumarsins og stóð það fram til 28.júní. Alls sóttu 53 börn börn seinna námskeiðið. Flest þessara barna voru á aldrinum 6-10 ára eða um 49 talsins (93%) og börn á aldrinum 11-12 ára voru samtals 4 (7%) af heildarfjölda þeirra sem sóttu seinna námskeiðið.




	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
18.jún-21.jún	<p>Hittingur við íþróttahús Njarðvíkur / Skoðunarferð</p> <p>Í dag er börnunum raðað í hópa. Síðan verður farið í ýmsa leiki í bland við skemmtilega skoðunarferð</p> <p>Munið að koma klædd eftir veðri, með hollt nesti og í góðum skóm !</p>	<p>Júdo / Frisbígolf</p> <p>Heiðrún Fjóra og Kári Þjálfarar Júdo deildar UMFN munu taka á móti hópunum og kynna íþróttina. Einnig munum við fara í frisbígolf.</p> <p>Mætið tímanlega. Því Strætó fer kl.8:50 (fyrir hádegi) og kl.12:50 (eftir hádegi)</p>	<p>Körfubolta og Ævintýraleikar</p> <p>Logi Gunnarson þjálfari afreksíþróttahóps körfuknattleiksdeildar UMFN mun koma með æfingahóp sinn og kynna starf körfuknattleiksdeildarinnar. Einnig ætlum við að keppa í óhefðbundnum íþróttagreinum☺</p>	<p>Fjörheimar / 88 húsið</p> <p>Farið verður í félagsmiðstöðina Fjörheima sem er staðsett á Hafnargötu 88. Þar er margt skemmtilegt í boði og munum við að sjálfsgöðu gera okkur glaðan dag.</p>
25.jún-28.jún	<p>Sund í Vatnaveröld</p> <p>Farin verður sundferð til Keflavíkur þar sem við munum heimsækja Vatnaveröld. Ekki gleyma sundfötum, handklæði og nesti.</p> <p>Mætið tímanlega. Því Strætó fer kl.8:50 (fyrir hádegi) og kl.12:50 (eftir hádegi)</p>	<p>Hjólaferð</p> <p>Allir að mæta með hjól og hjálm því við ætlum að hjóla á vit ævintýrana. Hópnum verður skipt í tvo hópa sem velja um langa eða stutta hjólaferð.</p>	<p>Óvissuferð</p> <p>Í dag er mjög mikilvægt að koma klædd eftir veðri, í góðum skóm og muna að taka með sér hollt nesti.</p>	<p>Tívolídagur og Minute to win it !</p> <p>Farið verður í heimatilbúið Tívolí þar sem börnin fá að spreyta sig í ýmsum tívolíþrautum. Einnig verða Minute to win it þrautir sem verða bæði krefjandi og skemmtilegar.</p> <p>Við endum síðan daginn á að njóta veitinga þar sem Sport- og ævintýraskólinn fagnar 10 ára afmæli ☺</p>

Skráning


Sumarið gekk mjög vel og voru iðkendur Sport- og ævintýraskólans um 106 samanlagt yfir bæði námskeiðin. Ef við skoðum aldurskiptingu á iðkendunum, þá kemur glögglega í ljós að þátttakendur á aldrinum 6-10 ára voru hlutfallslega fleiri en þeir sem eru á aldrinum 11-12 ára (mynd 1). Kynjahlutföllin skiptust þannig að stúlkur voru 46% og drengir 54% (sjá mynd 2).

Fjöldi iðkenda eftir fæðingarári



Mynd 1. Fjöldi iðkenda í Sport og ævintýraskólanum eftir fæðingarári.

Kynjahlutfall



Mynd 2. Prósentuhlutfall kynja



Starfsfólk Sport- og ævintýraskólans sumarið 2018:

Andrés Þórarinn Eyjólfsson (yfir umsjón), Alísa Rún Andrésdóttir (umsjón), Lovísa Andrésdóttir (9.bekkur), Lovísa Rut Rúnarsdóttir (9.bekkur), Lára Björg Öunduradóttir (9.bekkur), Elín Alda Hjaltadóttir (9.bekkur), Alma Rut Einarsdóttir (9.bekkur), Stefanía Lind Guðmundsdóttir (9.bekkur) og Júlía Steinunn Jóhannsdóttir (9.bekkur),

Þakkir:

Án styrktaraðila eru svona námskeið ekki framkvæmanleg og því vil ég þakka stjórn Ungmennafélags Njarðvíkur sem hefur ávallt litið á þetta verkefni björtum augum. Einnig vil ég þakka Reykjanesbæ fyrir afnot að mannvirkjum sem við nutum góðs af og þeim frábærum krökkum sem unnu sumarvinnu sína hjá Vinnuskólanum og völdu að vinna með Sport- og Ævintýraskólanum. Sævar Baldursson frá BUS4U á einnig gott hrós skilið fyrir frábæra þjónustu en án hans þjónustu gæti skólinn ekki ferðast um Reykjanesbæ og notið þeirra fjölbreyttu afþreyingar sem er í boði. Síðast en alls ekki síst vill ég þakka þjálfurum UMFN sem heimsóttu okkur þetta árið og öllu því góða fólki sem lagði hönd á plóg.

Andrés Þórarinn Eyjólfsson

Íþróttافرæðingur

Forstöðu- og ábyrðarmaður Sport- og ævintýraskólans

S: 699-2345

sportskóli@umfn.is